

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir
óverkaðan saltfisk, framleiddan á tímabilinu frá 1. júní til
31. desember 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir óverkaðan saltfisk framleiddan á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember 1984:

Óverkaður saltfiskur:	S.D.R. per lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 409,00
Millifiskur nr. 1	2 212,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	1 967,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 819,00

Óverkaður saltfiskur (tandurfiskur):	
Stórfiskur nr. 1	2 120,00
Millifiskur nr. 1	1 947,00
Smáfiskur nr. 1 (40/60)	1 731,00
Smáfiskur nr. 1 (60/100)	1 601,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuð-
um ufsaflökum framleiddum á tímabilinu frá 1. júní til
31. desember 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum framleiddum á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember 1984:

Söltuð ufsaflök:	D.M. pr. lest cif.
1650/up FF	5 200,00
1250/1650 FF	4 750,00
1100/1250 FF	4 450,00
1000/1100 FF	4 150,00